

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 29. október 2020: Tillaga fulltrúa
Sósíalistasflokks Íslands um jafnara aðgengi að endurvinnslu:***

Fulltrúi Sósíalista í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði leggur til að á að minnsta kosti einni móttökustöð Sorpu geti einstaklingar fengið aðstoð við að setja endurvinnanlegan úrgang í viðeigandi gáma. Í dag er staðan sú að ekki allir sitja við sama borð þegar kemur að því að skila flokkuðum úrgangi á viðeigandi staði. Ekki allir eru færir að nýta sér grenndargáma og erfitt getur verið að fá aðstoð á móttökustöðvum Sorpu. Í ljósi þess er lagt til að á að minnsta kosti einni stöð verði hægt að fá aðstoð með að tæma bílinn.